

Reykjavík, 12. október 2022

Efni: Umsögn Sjúkratrygginga um frumvarp til laga um sjúklingatryggingu (bótaréttur vegna bólusetninga), 211. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 28. september 2022 þar sem framangreint frumvarp var sent til umsagnar.

Sjúkratryggingar (SÍ) sjá um framkvæmd sjúklingatryggingar skv. lögum nr. 111/2000, að því er varðar tryggingu heilbrigðisstofnana sem eru að hluta eða heild í ríkisrekstri. Veitendur heilbrigðisþjónustu í einkarekstri kaupa tryggingu hjá váttryggingafélagi. Sjúklingatrygging veitir sjúklingum rétt til bóta vegna líkamlegs eða andlegs tjóns sem verður í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, samkvæmt nánari skilgreiningu í lögnum.

Svigrúm er fyrir fleiri en eina túlkun á gildandi lögum um sjúklingatryggingu þegar kemur að bótaskyldu vegna afleiðinga bólusetninga. Það er að rekja til þess að ákvæði 3. mgr. 3. gr., sem undanskilur frá lögnum tjón vegna eiginleika lyfja, gefur svigrúm til túlkunar sem stangast efnislega á við skýringartexta í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um sjúklingatryggingu,¹ með ákvæðum 1. gr. og 4. tl. 2. gr.

Í greinargerð með frumvarpinu segir um 1. gr.:

„Samkvæmt frumvarpinu nær tryggingin til rannsókna og sjúkdómsmeðferðar sem er í þágu sjúklings, þar á meðal ráðstafana til að koma í veg fyrir sjúkdóma, t.d. bólusetningar, og heilsuþjóns sem hlýst af tilraunastarfsemi“.

Þá segir um ákvæði 4. tl. 2. gr.:

„Af sömu ástæðu á sjúklingur almennt rétt til bóta fyrir tjón sem hlýst af eftirköstum ráðstafana sem gerðar eru í því skyni að koma í veg fyrir sjúkdóma, t.d. bólusetningu“.

Í ljósi þessarar umfjöllunar í skýringartexta með lögnum hafa Sjúkratryggingar litið svo á við framkvæmd laganna að sjaldgæfar og alvarlegar aukaverkanir bólusetninga séu bótaskyldar samkvæmt ákvæði 4. tl. 2. gr., þrátt fyrir orðalag ákvæðis 3. mgr. 3. gr. laganna. Sé bólusetning framkvæmd með röngum hætti eða efni meðhöndlað eða geymt með röngum hætti myndu slík tilvik að sama skapi falla undir ákvæði 1. tl. 2. gr. laganna.

Framkvæmdin hefur þannig verið sú að ákvæði 3. mgr. 3. gr. gildi um lyf að bóluefnum undanskildum, og á því byggt að vilji löggjafans til þess að bæta tjón í kjölfar bólusetninga komi skýrlega fram í

¹ [836/125 stjórnarfrumvarp: sjúklingatrygging | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)

framannefndum skýringartexta með ákvæðum 1. gr. og 4. tl. 2. gr. laganna. Slík skýring er umsækjendum einnig til hagsbóta og hefur verið höfð að leiðarljósi.²

Framangreindur skilningur á gildandi framkvæmd/réttarstöðu var staðfestur í nefndaráliti velferðarnefndar³ vegna frumvarps þess sem varð að lögum nr. 156/2020 um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu. Í sama nefndaráliti kemur fram að bráðabirgðaákvæði sem sett var um bólusetningu gegn Covid-19 hafi verið ætlað að veita bótarétt umfram ákvæði 4. tl. 2. gr., þannig að hann næði til *allra* aukaverkana bóluefnisins en ekki aðeins þeirra sem teljast sjaldgæfar og alvarlegar. Sú er hins vegar ekki raunin hvað varðar það frumvarp sem nú er til skoðunar, þar sem í greinargerð með frumvarpinu kemur fram í 3. kafla að:


„Ijón vegna eiginleika lyfsins verður því bætt samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sem frumvarpi þessu er ætlað að lögfesta og gilda um það sömu skilyrði og kveðið er á um í 4. tölul. 2. gr. laganna, þ.e. að aukaverkunin sé sjaldgæf og alvarleg.“

Sí telja hættu á að lögfesting bráðabirgðaákvæðisins sem hér er til umfjöllunar geti verið villandi, þar sem gagnálykta mætti frá slíku ákvæði að sjaldgæfar og alvarlegar aukaverkanir allra annarra bóluefna en þeirra sem bráðabirgðaákvæði hafa verið sett um væru ekki bótaskyldar. Það væri á skjön við núverandi framkvæmd, sem byggir greinargerð með lögum um sjúklingatryggingu, um 1. gr. og 4. tl. 2. gr. eins og farið er yfir hér að framan.

Sjúkratryggingar leggja því til að svigrúmi til túlkunar í þá veru að bótaskylda samkvæmt 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nái ekki til afleiðinga bólusetninga verði eytt með því að gera einfalda breytingu á ákvæði 1. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 3. gr. laganna. Koma þyrfti fram í 1. gr. að bólusetning teljist til „rannsókna eða sjúkdómsmeðferða“ í skilningi laganna. Í ákvæði 3. mgr. 3. gr. laganna þyrfti að koma fram að ákvæðið nái ekki til bóluefna. Slík lagabreyting yrði einfaldlega skýring og staðfesting á gildandi framkvæmd, sem byggð er á greinargerð með gildandi lögum, en ekki eiginleg efnisleg breyting.

Sé það vilji löggjafans að öll mál vegna bólusetninga heyri undir Sí, óháð því hvort bólusetning fari fram á heilbrigðisstofnun í ríkisrekstri eða einkarekstri, þyrfti jafnframt að gera breytingar á ákvæði 11. gr. laganna.

Virðingarfyllt
f.h. Sjúkratrygginga Íslands,



Berglind Ýr Karlsdóttir
deildarstjóri tryggingadeildar

² Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur staðfest þann skilning að sjaldgæfar og alvarlegar aukaverkanir bólusetninga séu bótaskyldar á grundvelli 4. tl. 2. gr. laganna. Má nefna úrskurð í máli nr. 106/2017. Í því máli virtist ekki vafi á því að mati nefndarinnar að mál sem varðaði aukaverkun bólusetningar ætti undir ákvæði 4. tl. 2. gr.

³ [585/151 nál. með brtt.: sjúklingatrygging | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)